



## Hreppsnefnd 5. október 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 5. okt. kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Auður Jónsdóttir, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Janframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri. Oddviti setti fund og bauð hreppsnefndarmenn og gest fundarins Magnús Kristjánsson, velkomna til fundar.

1. mál. Tangi hf, bréf dags. 26. sept. sl. Magnús Kristjánsson mætir á fundinn.

Bréf barst frá framkvæmdastjóra Tanga hf. þar sem hann fer fram á að hluthöfum Tanga haf verði fjölgað.

Oddviti gaf Magnúsi Kristjánssyni orðið og skýrði hann síðan hvers vegna þetta erindi væri borið fram nú. Skýrði hann frá því að til að halda Tanga hf. inn á hlutabréfamarkaði þurfa að vera a.m. 300 hluthafa, en ef þeim fækkar niður fyrir þá tölu gæti komið upp sú staða að fyrirtækið yrði sett á vaxtalista sem þýðir þá færri hluthafa og minni viðskipti.

Umræður urðu um erindið og spurði oddviti hvað fundarmönnum myndist um að fjölga hluthöfum og hvort bjóða ætti heimamönnum að kaupa hlutabréf, sem væru upp á 10.000 kr. Taldi Emil að jafnvel mætti bréfin vera uppá 5.000 kr. á bréf. Reglurnar segja ekki til um lágmarksupphæð. Mikil umræða varð um erindið og fannst fundarmönnum að sjálfsagt væri að fjölga hluthöfum. Töldu fundarmenn að 5.000 kr. á bréf væri lágmark. Samþykkt var að fara í þetta verkefni með stjórendum Tanga hf. og var sveitarstjóra falið að ganga í máli.

2. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. sept. 2000. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.

3. mál. Fundargerð félagsmálanefndar Vopnafjarðarhrepps frá 14. og 20. sept.sl. Fundargerðin rædd að öðruleyti lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 20. júlí sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 4. okt. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. mál. Áfengis og tóbaksverslun ríkisins, endurnýjun leyfis til reksturs vínbúðar. Samþykkt að endurnýja leyfi til rekstur vínbúðar.

7. mál. Tekið fyrir að nýju bréfi frá ábúendum Einarsstaða. Oddviti lagði fram tillögum að svari til ábúenda Einarsstaða.

Aðalbjörn Björnsson ræddi í framhaldi af erindi bréfsins sem varðar skólaakstur, að það þyrfti að fara að endurskoða kostnað við keyrslu á skólabörnum. Emil Sigurjónsson taldi að sjálfsagt væri að athuga kostnaðinn, og taldi hann að ekki væri ofgreitt fyrir akstur eins og nú er.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. mál. Hollustuvernd ríkisins, starfsleyfi fyrir urðunarstað við Búðaröxl. Bréf um útgáfu starfsleyfis fyrir urðunarstað við Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi sem gildir til 15. september 2002. Ákvörðun Hollustuverndar má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna, samanber 32 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Nokkur umræða var um framtíðar urðunarstað og voru fundarmenn ekki á eitt sáttir um það hvort

hann yrði þar sem hann er nú, við Búðaröxl, eða finna anna stað til urðunar. Einnig var bennt á að brýnt væri að fara fram á að gengið verði betur um urðunarstaðinn en nú er gert. Einnig hvort gera eigi átak í því að flokka heimilissorp.

Samþykkt var að framtíðaskipulagi sorpmála verði vísað til bygginga-og umhverfisnefndar.

9. mál. Samkór Vopnafjarðar, bréf dags. 2. okt. sl. varðandi styrk. Samþykkt að vísa erindi bréfsins til fjárhagsnefndar. Jafnframt var vísað til mikils velvilja til kórsins.

10. mál. Þróunarstofa Austurlands, minnispunktar, vegna niðursuðu á loðni.

Sveitarstjóri skýrði frá því að Hreinn Sigurðsson, hefði farið fram á samstarf við Tanga hf um niðursuð á loðnu og síld. Kostnaðaráætlun við aðkeypta ráðgjöf við verkefnið er áætluð, annarsvegar 775.500 kr. eða 1.598.000 kr. eftir því hvort farið yrði í lágmarks yfirferð eða ítarleg yfirferð í sambandi við könnun á væntanlegri framlegð Sveitarstjóri bar upp hvort hreppsnefnd teldi hag í því að taka þátt í verkefninu. Erindið er lagt fram til kynningar.

11. mál. Kvenfélag Vopnafjarðar, bréf dags. 20. sept. sl. varðandi gjafir til grunnskóla og tónlistarskóla Vopnafjarðar. Oddviti las bréf frá Kvenfélagi Vopnafjarðar þar sem tilkynnt er að félagið gefur til heimilisfræðistofu grunnskólans. Einnig var tilkynnt um. framlag í sjóð til kaupa á píanói í Tónlistaskóla Vopnafjarðar.

Hreppsnefnd lýsti þakklæti fyrir höfðinglegar gjafir og felur sveitarstjóra að þakka fyrir þær.

12. mál. Íbúðarlán sjóður, umsóknir um viðbótarlán og lán vegna leiguíbúða 2001.

Samþykkt að sækja um framlag til Íbúðarlánasjóðs um viðbótarlán og lán vegna bygginga leiguíbúða 2001.

13. mál. Fjármálaráðstefna sveitarélaga dagana 2. og 3. nóv. nk. Lagt fram til kynningar.

14. mál. Samgöngumál: 1) Hringvegur-Brunahvammsháls, tilboð. 2) Hofsárdalur, umhverfismat. 1) Sveitarstjóri skýrði frá útboði í tengingu hringvegar út í Brunahvammsháls. Útboðið var áætlað 117 mill. Nokkur tilboð bárust og var 74. millj. lægsta tilboðið en það hæsta 203 millj. 2) Ítrekað hefur verið farið fram á, af hreppsnefnd, að umhverfismat verði hafið sem allra fyrst um vegagerð í Hofsárdal.

15. mál. Forkaupstéttarmál, vegna Engihlíðar og Svínabakka. Samþykkt að forkaupsrétti verði hafnað.

16. mál. Oddvitafundur í Valaskjálfi 29. sept. sl. Gerð grein fyrir fundinum. Oddviti gerði grein fyrir fundinum sem hann taldi að hefði verið mjög gagnlegur til að kynna málstað hvers hrepps, og sameiginleg hagsmunamál svæðisins.

17. mál. Ýmsar fundargerðir:

a) Fundargerð skólaskrifstofu Austurlands frá 13. sept. sl.

b) Fundargerðir stjórnar hafnarsambands sveitarfélags frá 25. ágúst og 12. sept. sl.

c) Fundargerð launanefndar sveitarfélags frá 25. ágúst og 14. sept. sl.

d) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurnals og aðalfundar byggðasamlags um heilbrigðiseftirlits Austurlands.

e) Vopnfirðingar virkja, niðurröðun í vinnuhópa og frekari gögn.

Lagðar fram til kynningar.

Önnur mál. Steindór Sveinsson spurði hvort ekki ætti að ljúka við að rífa þau hús sem til stóð að rífa. Sveitarstjóri taldi að búið væri að rífa sum og önnur ætti að fara að fjarlægja.